Stofnun hljómlistarskóla.
Uppkast að blaðagrein um
það mál.

2 bls. qto.

4.

Greinar þær er þeir Jón Leifs og Páll Ísólfsson hafa ritað í blöðin um þetta mál, hafa vakið ýmsa menn hér í bænum til alvarlegrar umhugsunar um framkvæmdir í því og virðast allir á eitt sáttir um það, að nú sé einmitt hentugastur tíminn til þessa fyrir hendi. Sérstaklega þykir tíminn hentugur nú, með tilliti til kostnaðarins, þar eð nú má búast við að kenslukraftarnir verði afar ódýrir, að sókn að slíkum skóla sennilega mjög mikil og byrjunarkostnaður tiltölulega lágur. Enn sem komið er, er að vísu ekki komið mikið skrið á þetta mál, en þó þegar svo mikið, að nokkrir menn hafa komið sér saman um að boða til fundar í Nýja Bíó mjög bráðlega meðal nokkurra manna er þeir búast við að hafa einna mestan áhuga á málinu og þann veg að stofna félag til framkvæmda því jafnvel nú í haust. Til grundvallar verður lagðar áætlanir Jóns Leifs í morgunblaðinu þ.m. en vitanlega í ýmsu frá þeim vikið eftir því sem fram kann að koma ~~meðal þeirra~~ á fundinum.

Í fáum orðum hafa forgöngumennirnir og fundarboðendurnir hugsað málið þannig: 1. að fengnir séu 3 valdir kennarar, helst frá Þýzkalandi og er ekki vonlaust um að þeir fáist fyrir 6000 kr. árslaun hver. 2. að þeir kenni 20 kl. tíma á viku (60 kl.t. allir) hver, eða 3–4 kl. hver á dag. 3. að nemendur verði a.m.k. 40 talsins að meðaltali yfir allan tímann og greiði 25 kr. hver í inntökugjald og síðan 10 kr. hver á viku í kenslukaup. 4. að skólatíminn sé 9 mánuðir. 5. Kennararnir séu ráðnir til þess, auk kenslunnar, að halda 3 opinbera hljómleika í kensluárinu og renni ágóðinn til félagsins, svo og auðvitað inntökugjöldin og kenslukaupið. 6. Félagið vinni að því að skemtanaskatturinn, sem venjul. er tekinn af öllum hljómleikum og nú rennur í bæjarsjóð, renni framvegis til félagsins. 7. Þegar félagið hefur komið góðum hljóðfæraflokki á stofn, hér í bænum álíta forgöngumennirnir nokkurnveginn sjálfsagt, að félagið verði aðnjótandi styrks þess er Guðjón sál. Sigurðsson úrsmiður ánafnaði í erfðaskrá sinni slíkum flokki til þess að halda hér uppi ódýrum en góðum hljómleikum

Fyrir almenning.

Skal ég nú leyfa mér að skýra nokkuð frekar hvert einstakt atriði er hér hefur verið nefnt, eins og forgöngumennirnir líta á það og hafa hugsað sér það. Að 1. Í Þýzkalandi eru nú svo góðir kenslukraftar, að hvergi munu betri. Fægir kennarar una þar við sultarlaun (150–200 kr. á mán.) og mundu fúsir til að koma hingað fyrir þau laun er í boði væru.

Að 2. Um þennan lið er óþarft að fjölyrða, því vitanlega eru 3–4 tíma kensla á dag ekki ofætlun neinum manni. Að 3. Inntökugjaldið virðist hæfilegt og sjálfsagt bæði til styrktar skólanum og til þess að tryggja það, að nemendur haldi sig að honum eins og vera ber. Kenslugjaldið, 10 kr. á viku eða 40 kr. á mánuði, er afarlágt gjald, ekki síst þegar hér yrði að ræða um fullkomnustu kenslu sem hægt væri að fá hér og í öðru lagi, þegar tekið er til lit til þess gjalds, sem nemendur hér hafa orðið að greiða fyrir mjög misjafnlega góða kenslu í þessari grein, sem sé 5 kr. fyrir hvern kenslutíma (stundum, hafi kenslan verið góð, 5 kr. fyrir hvern hálftíma.

Að 4. Skólinn ætti að byrja 1. okt. og standa til júnímán. loka eða í 9 mán. sem skiptist í tvent, þannig, að fyrri kenslutíminn væri 5 mán. og síðari kl. 4 mán. Nemendurnir skyldir til að vera allan þann hluta kenslutímans sem þeir byrjuðu o.s.frv. Að 5. Þar sem búast má við, að ekki yrði um aðra en ágæta hljómlistarmenn að ræða, sem fengnir yrðu til kennarastarfsins, má búast við góðum tekju-auka til skólans.

---

Þetta er uppkast að blaðagrein – sem þó eigi var birt – um fyrstu tildrög þess að Hljómlistarskóli yrði stofnaður, en áður hafði ég talað við ýmsa menn um þetta mál og var það byrjunin til þess að hann yrði keypt, hvað sem úr kann að verða, en sökum annríkis sá ég mér ekki fært að sinna því frekar að sinni.

J. Pálsson.

Stofnun hljómlistarskóla.
Uppkast að blaðagrein um
það mál.

2 bls. qto.

4.